

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

3. gr. reglnanna orðast svo:

Fjármálafyrirtæki skulu ársfjórðungslega senda eiginfjárskýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálafyrirtæki, sem ekki reikna áhættugrunn vegna veltubókarliða, sbr. ákvæði 6. gr., skulu þó hálfárslega senda skýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði um skýrslugerð fjármálafyrirtækis sjaldnar en ársfjórðungslega á ekki við ef eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækis er lægra en 12% í upphafi árs. Við sérstakar aðstæður getur Fjármálaeftirlitið heimilað að skil á eiginfjárskýrslum séu einungis árlega, miðað við lok hvers árs.

Skýrslur fjármálafyrirtækja skv. 1. mgr. skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörstegi.

#### 2. gr.

1. másl. 3. mgr. 7. gr. reglnanna orðast svo:

Sérhver lánsþátttökunni á sér samsvörun í þrepi útlánagæða samkvæmt viðauka 1 (vörpun lánsþátttökunni) við reglur þessar.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

B-liður 3. tölul. 8. gr. orðast svo:

b. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til allt að 1 árs sem ekki er hægt að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða sem ógildast ekki sjálfkrafa vegna minnkandi lánstrausts lántakanda, og.

A-liður 4. tölul. 8. gr. orðast svo:

a. Ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða sem ógildast sjálfkrafa vegna minnkandi lánstrausts lántakanda, og.

#### 4. gr.

O-liður 1. mgr. 10. gr. reglnanna orðast svo:

o. sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

#### 5. gr.

Í stað orðsins „má“ í 2. mgr. 11. gr. reglnanna kemur: skal.

#### 6. gr.

12. gr. reglnanna orðast svo:

#### *Héraðs- og sveitarstjórnir.*

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna (tegund b.) hafa sömu áhættuvog og áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

Áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna, sem gefnar eru út og fjármagnaðar í heimamynt þeirra, hafa áhættuvogina 20%.

Hafi eftirlitsstjórnvöld í aðildarríki EES ákveðið að áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna hafi sömu áhættuvog og áhættuskuldbindingar ríkisins sjálfs getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að nota megi þá áhættuvog þegar þessum reglum er beitt.

Hafi eftirlitsstjórnvöld í ríki utan EES ákveðið að áhættuskuldbindingar héraðs- og sveitarstjórna hafi sömu áhættuvog og áhættuskuldbindingar ríkisins sjálfs getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að nota megi þá áhættuvog þegar þessum reglum er beitt, enda séu reglur og eftirlit í því ríki hliðstæð því sem er innan EES.

## 7. gr.

B-liður 1. mgr. 14. gr. reglnanna orðast svo:

b. Alþjóðalánastofnunin (*the International Finance Corporation*).

## 8. gr.

Við 3. mgr. 15. gr. reglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja, sem ekki hafa lánshæfismat, skulu þó ekki hafa lægri áhættuvog en áhættuskuldbindingar heimaríkis þeirra hafa.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. reglnanna:

1. mgr. 55. gr. orðast svo:

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 170/2006 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, vísar Fjármálaeftirlitið til enskrar útgáfu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á eftirfarandi viðaukum tilskipunar 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana:

[http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l\\_177/l\\_17720060630en00010200.pdf](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en00010200.pdf)

og tilskipunar 2006/49/EB um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2009/27/EB:

[http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l\\_177/l\\_17720060630en02010255.pdf](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en02010255.pdf)

og

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:094:0097:0099:EN:PDF>.

B-hluti 1. mgr. 55. gr. orðast svo:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamið) (*e. Directive 2006/49/EC of the European Parliament and of the Council of 14 June 2006 on the capital adequacy of investment firms and credit institutions (recast), OJ L 177, 30.6.2006, p. 201*) með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/27/EB frá 7. apríl 2009 um breytingar á tilteknum viðaukum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu (*e. Commission Directive 2009/27/EC of 7 April 2009 amending certain Annexes to Directive 2006/49/EC of the European Parliament and of the Council as regards technical provisions concerning risk management, OJ L 94, 8.4.2009, p. 97*).

## 10. gr.

Breyting samkvæmt 9. gr. reglnanna felur í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/27/EB frá 7. apríl 2009 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2009 frá 22. október 2009, sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, hefti nr. 68, frá 17. desember 2009, bls 3.

11. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaeftirlitinu, 11. apríl 2011.*

**Gunnar Þ. Andersen.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnar Hafliðason.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2011